

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

*Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 1366/2019 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

2. gr.

*Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftifarandi álagsgrunni. Heimilissorp skal flokkað í fjóra flokka og er greitt gjald fyrir tunnueiningu. Tunnueiningin innheldur brúna tunnu fyrir lífrenan úrgang, græna tunnu fyrir plast, bláa tunnu fyrir pappír og gráa tunnu fyrir annan úrgang.

*Ílátastærð*

240 l ílát	45.055 kr.
360 l ílát	66.974 kr.
660 l ílát	134.473 kr.
240 l, stækkun 1	49.146 kr. (stækkun á brún/blá/græn tunnu)
240 l, stækkun 2	54.702 kr. (stækkun á grátunnu)
240 l, stækkun 3	53.236 kr. (stækkun á tveimur tunnum af brún/blá/græn tunnu)

*Grátunna:* losun á 21 dags fresti.

*Brúntunna:* losun á 21 dags fresti.

*Blátunna:* losun á 42 daga fresti.

*Græntunna:* losun á 42 daga fresti.

3. gr.

*Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ári ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Íbúðarhúsnæði	26.565 kr.
Frístundahúsnæði	22.407 kr.
Lögbýli	12.990 kr.
Fyrirtæki	43.468 kr.

4. gr.

*Gjaldtaka á móttökustöð.*

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði eða lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 4,5 m<sup>3</sup> á ári. Inneign færst ekki á milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir íbúðarhús og lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 10 m<sup>3</sup> á ári. Inneign færst ekki á milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 10 m<sup>3</sup> á ári. Inneign færst ekki á milli ára.

Glistat inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi kr. 5.000.

Nr. 1408

10. desember 2020

Umframmagn úrgangs er gjaldskylt á móttökustöð og miðast gjald við fjölða m<sup>3</sup> úrgangs sem afsettur er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup> 6.000 kr.

5. gr.

*Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnaði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingaverð verði aldrei hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 2. desember 2020. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1207/2019 um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 10. desember 2020.*

**Ingibjörg Harðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2020